

Ársskýrsla 2023 og 2024

Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun (RANNUM)

Stakkahlíð, 105 Reykjavík

Forstöðumaður: Sólveig Jakobsdóttir prófessor, netfang: soljak@hi.is

Almennt yfirlit og stjórn

Stjórn stofunnar (sett til þriggja ára frá hausti 2021 til hausts 2024): Sólveig Jakobsdóttir prófessor, Salvör Gissurardóttir lektor, Skúlína Hlíf Kjartansdóttir aðjúnt, Svava Pétursdóttir lektor, Tryggvi B. Thayer kennslupróunarstjóri/aðjúnt og Þuríður Jóhannsdóttir prófessor. Stuðningsaðilar eru 3f - félag um upplýsingatækni í menntun og Heimili og skóli: Elínborg Siggeirsdóttir/Sólveig Friðriksdóttir, Arnar Ævarsson/Sigurður Sigurðsson. Einn stjórnarfundur var haldinn árið 2023 og aðalfundur stofunnar.

Rannsóknir, þróunarstarf og samstarfsverkefni

Aðilar RANNUM hafa verið virkir í fjölmörgum smærri og stærri rannsóknum, samstarfsverkefnum og/eða þróunarverkefnum.

Matsrannsókn: spjaldtölvur í grunnskólum Kópavogs

Í mars 2021 gerðu Kópavogsbær og Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun við Menntavísindasvið Háskóla Íslands með sér samning um matsrannsókn á innleiðingu spjaldtölva í grunnskólum Kópavogsbæjar á árunum 2015–2020. Markmið hennar var að kanna hverju nám með spjaldtölvum hefur skilað nemendum í grunnskólum Kópavogs meðal annars með tilliti til ánægju af og áhuga á námi, persónumiðunar náms, ábyrgðar í námi og valdeflingar nemenda, upplýsinga- og tæknilæsis, miðlalæsis, stafrænnar hæfni og námsárangurs. Þá var skoðuð staða varðandi kennsluhætti, námsefni, spjaldtölvunotkun, viðhorf hlutaðeigandi aðila, þýðingu spjaldtölvunnar í COVID-faraldrinum og innleiðingarferlið. Sólveig Jakobsdóttir, Skúlína Kjartansdóttir sáu um rannsóknina í samstarfi við Svövu Pétursdóttur og fengu einnig liðsinni frá fimm framhaldsnemum við Menntavísindasvið. Gögnum var safnað árið 2021 með könnunum, viðtölum og vettvangsathugunum og fór gagnaúrvinnsla fram 2022. Niðurstöður voru birtar í matsskýrslu 2023 ásamt 4 öðrum skýrslum með niðurstöðum kannana meðal nemenda, kennara og foreldra og varðandi stöðu stafrænnar hæfni í skólunum níu skv. SELFIE könnun.

- Sólveig Jakobsdóttir og Skúlína Hlíf Kjartansdóttir. (2023). Spjaldtölvur í grunnskólum Kópavogs: matsrannsókn. Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun (RANNUM). <https://doi.org/10.33112/SGKM2040>
 - Sólveig Jakobsdóttir og Skúlína Hlíf Kjartansdóttir. (2023). Spjaldtölvur í grunnskólum Kópavogs: matsrannsókn - Könnun vor 2021 - viðhorf foreldra. Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun (RANNUM). <https://rannum.hi.is/rannsoknir/spjaldtolvur-i-kopavogi-matsrannsokn/>
 - Sólveig Jakobsdóttir og Skúlína Hlíf Kjartansdóttir. (2023). Spjaldtölvur í grunnskólum Kópavogs: matsrannsókn - Könnun vor 2021 - viðhorf kennara. Rannsóknarstofa í

upplýsingatækni og miðlun (RANNUM). <https://rannum.hi.is/rannsoknir/spjaldtolvur-i-kopavogi-matsrannsokn/>

- Sólveig Jakobsdóttir og Skúlína Hlíf Kjartansdóttir. (2023). Spjaldtölvur í grunnskólum Kópavogs: matsrannsókn - Könnun vor 2021 - viðhorf nemenda. Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun (RANNUM). <https://rannum.hi.is/rannsoknir/spjaldtolvur-i-kopavogi-matsrannsokn/>
- Sólveig Jakobsdóttir, Svava Pétursdóttir og Skúlína Hlíf Kjartansdóttir. (2023). Stafræn hæfni í grunnskólum Kópavogs: Niðurstöður úr sjálfsmati skólanna með SELFIE verkfærinu vorið 2021. Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun (RANNUM).

Þá voru niðurstöður kynntar á innlendum og erlendum vettvangi.

- Sólveig Jakobsdóttir og Skúlína Hlíf Kjartansdóttir. (2023, 22. mars). Spjaldtölvur í Kópavogi. Í Málstofa á vegum Kópavogsbæjar, Reykjavík.
- Skúlína Hlíf Kjartansdóttir og Sólveig Jakobsdóttir. (2024, 6. mars). Impact of tablet implementation for school development: Evaluation research in Kópavogur, Iceland. Erindi á NERA ráðstefnunni, Malmö.
- Sólveig Jakobsdóttir og Skúlína Hlíf Kjartansdóttir. (2023, 19. júní). Digital citizenship in school: who, how, where and when? Í EDEN - Digital Learning Europe, Dublin.
- Sólveig Jakobsdóttir og Skúlína Hlíf Kjartansdóttir. (2023, September). Spjaldtölvur í grunnskólum Kópavogs 2015-2021: áskoranir og álitamál. Erindi á Menntakviku - árlegu þingi Menntavísindasviðs, Reykjavík.
- Skúlína Hlíf Kjartansdóttir og Sólveig Jakobsdóttir. (2023, September). Spjaldtölvur í grunnskólum Kópavogs 2015-2021: Athafnakostir spjaldtölva og tækifæri sem þær bjóða. Erindi á Menntakviku - árlegu þingi Menntavísindasviðs, Reykjavík.
- Bergþóra Þórhallsdóttir, Ragnheiður Hermannsdóttir, Sólveig Jakobsdóttir og Skúlína Hlíf Kjartansdóttir. (2023, September). Spjaldtölvur í grunnskólum Kópavogs 2015-2021: matsrannsókn og meginniðurstöður. Í Menntakviku - árlegu þingi Menntavísindasviðs, Reykjavík.

Símenntun kennara á sviði upplýsingatækni og opið netnám

Styrkur fékkst úr Kennslumálasjóði HÍ árið 2018 til að hanna og kenna opið netnámskeið um sköpunarsmiðjur (snillismiðjur, e. makerspaces). Af ýmsum ástæðum, meðal annars vegna COVID-19 faraldursins hefur dregist að koma því verkefni af stað en til stendur að bæta úr því þannig að það geti verið í boði á næstu misserum.

Á þessu stigi hafa verið gerð drög að skipulagi netnámskeiðsins en eftir er að vinna frekar úr því efni.

SELFIE for Teachers verkfærið - stafræn hæfni kennara

RANNUM aðilar hafa unnið að þýðingu og prófun á *SELFIE for Teachers verkfærinu* Evrópska sjálfsmatsverkfærið <https://education.ec.europa.eu/selfie-for-teachers>. SELFIE fyrir kennara er ætlað stökum kennurum eða kennarahópum til að meta og ígrunda eigin hæfni. Sólveig J. og Svava P. hafa unnið með Þorbjörgu St. Þorsteinsdóttur og Hildi Ástu Viggósdóttur frá Reykjavíkurborg og Þuríður hefur lesið og veitt málfrásráðgjöf en verkið leiddi í ljós mörg hugtök og fyrirbæri sem ekki áttu almennilegt íslenskt heiti.

Áætlað er að verkfærið verði tilbúið til notkunar á íslensku fyrir árslok 2025.

Hópurinn hefur kynnt verkefnið á ráðstefnu samtaka um skólaþróun og nýtt drög að þýðingunni í kennaramenntun.

- Hildur Ásta Viggósdóttir, Sólveig Jakobsdóttir, Svava Pétursdóttir og Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir. (2024) Stafrænar lausnir við námsmat. (Vinnustofa) Ágústráðstefna Skólaþróunar. 14. ágúst 2024 í Hraunvallaskóla <https://skolathroun.is/agustradstefnan-2024/>

NordPlus - Tungumálaappið Moka Mera

Skúlína Kjartansdóttir tók þátt í Nordplus-verkefninu *Moka Mera Nordic Languages* - NPLA-2021/10033, sem fólst í þýðingu og staðfæringu af tungumálasmaðforritinu Moka Mera Lingua, á íslensku, norsku og dönsku. Forritið er ætlað 3–8 ára börnum til að læra ný tungumál og stuðla að krosstyngingu á milli mála. Forritið kom út með þessum tungumálum í maí 2022, en einnig úrkránsku. Skúlína hefur kynnt forritið í ýmsum áföngum í kennaranámi á MVS og forritið var áhættumetið af Kópavogsbæ. Sótt var um styrk til Íslenskujóðinn, sem fékkst (kr 1.000.000), til að vinna að rannsókn á hagnýtingu forritsins, hugsanlega með meistaranemum við sviðið. Það hefur þó ekki gengið eftir enn, en ráðstafanir hafa verið gerðar til að taka viðtöl við kennara um notkun forritsins.

NordPlus Higher Education NASG

Salvör Gissurardóttir og Skúlína Kjartansdóttir tóku þátt í Nordplus-verkefninu *Nordic Alliance for Sustainability in Gaming* (<https://nasg.tlu.ee/>) 2021-22. Netið er samstarfsnet eftirfarandi háskólar:

- [Tallinn University](#) (Estonia)
- [University of Turku](#) (Finland)
- [University of Skövde](#) (Sweden)
- [Uppsala University](#) (Sweden)
- [University of Iceland](#) (Iceland)
- [IT University of Copenhagen](#) (Denmark)

Meginmarkmið netsins eru að hvetja til aukinnar vitundar um umhverfismál og sjálfbærni í leikjamenntun og í leikjaiðnaði. Á vegum netsins eru haldnir fræðslufundir, gefnar út greinar og á árinu 2023 (júní) var haldið leikjahönnunarnámskeið við IT University í Kaupmannahöfn þar sem Salvör og Skúlína fóru út með fjóra kennaranema frá HÍ. Á árinu 2024 var haldið leikjahönnunarnámskeið í Skövde í Svíþjóð, þar sem Skúlína (flutti erindi) og Salvör kenndu og leiðbeindu. Með í för voru 4 kennaranemar og einn starfsmaður Nýmenntar, sem hafði áhuga á að kynna sér leikjahönnun menntunarleikja (Ásta Olga Magnúsdóttir). Dagskrá námskeiðsins var þessi: <https://nasg.tlu.ee/nasg-un-jam-2024-main/>. Gögnum var safnað með könnun meðal þátttakenda og stendur til að vinna úr þeim og skrifa um reynsluna af þessu gamejam: https://pure.itu.dk/ws/portalfiles/portal/100563407/Game_Jams_Encyclopedia_of_Ludic_Terms.pdf Á árinu kom út grein frá hópnun: Game Jams and 'Heavy' Topics: Navigating anxiety through game Creation: <https://dl.digra.org/index.php/dl/article/view/2217>

Rannsóknarhópurinn AUSTVEF

Nokkrir af rannsækendum stofunnar (Skúlína, Torfi, Svava) tóku þátt í *Rannsóknarhópnum AUSTVEF* (Austur-vestur framkvæmd og fræði) sem hóf samstarf við þrjá grunnskóla í Reykjavík um rannsókn á þróunar og samstarfsverkefni skólanna Austur-vestur tækni og sköpunarsmiðjur haustið 2019. Samstarfið er á vegum rannsóknarstofanna RANNUM og RASK.

Miklum gögnum var safnað í verkefninu og er hópurinn enn að vinna og skrifa úr þeim. Hópurinn hefur einnig sinnt ráðgjöf samhliða gagnaöflun og greiningu gagna.

Svava Pétursdóttir greindi gögn úr verkefninu og kynnti og skrifaði í ráðstefnurit hvernig náttúruvísindi birtast í smíðjuvinnunni:

- Svava Pétursdóttir (2024) The manifestation of science in STEM and Makerspaces activities. *Revisioning STEAM education in times of climate change Proceedings of the 14th Nordic Research Symposium on Science Education June 5th–7th 2024 Reykjavík, Iceland* https://nfsun2024.hi.is/wp-content/uploads/2025/01/NFSUN2024_ConferenceProceedings-compressed.pdf

Bakhjarlsverkefnið: Fjarmentabúðir - Stuðningur háskóla við skólastarf með stafrænni tækni.

Sólveig J., Salvör, Svava, Sigurbjörg Jóhannesdóttir, Sólveig Zophoníasdóttir tóku þátt í *Bakhjarlsverkefninu: Fjarmentabúðir: Stuðningur háskóla við skólastarf með stafrænni tækni*. Styrkur til samfélagsvirkni fékkst frá HÍ 2020 til að halda fjarmentabúðir fyrir kennara vegna COVID, sjá upplýsingar úr ársskýrslu RANNUM fyrir 2021-2022. Árið 2023 var verkefnið kynnt á ráðstefnu ICDE í Lillehammer.

- Sólveig Jakobsdóttir og Hróbjartur Árnason. (2023, 16. febrúar). Development of online educamps: compliments to COVID! Í Lillehammer life long learning ICDE conference, San Jose, Costa RICA. <https://virtual.oxfordabstracts.com/#!/event/3333/titles>

Stafræn Borgaravitund

Svava Pétursdóttir hefur verið þátttakandi í netverki talsmanna um stafræna borgaravitund. Sjá <https://www.coe.int/en/web/digital-citizenship-education/promoters> og tímalínu verkefnisins <https://padlet.com/vitor5/dce-promoters-timeline-april-2019-june-2023-rb403zvwxtmxa4xx>

Auk þess var samstarf milli hennar, Sigurðar Sigurðssonar hjá SAFT, Bergþóru Þórhallsdóttur og Sigurði Hauki Gíslasyni frá Kópavogsbæ, og Sæmundi Helgasyni kennara Langholtsskóla um stafræna borgaravitund. Sæmundur hefur unnið að þýðingu námsefni Commonsense media, vinnan byrjaði sem meistaraverkefni hans undir leiðsögn Sólveigar Jakobsdóttur. Kópavogsbær hefur sett saman vef með safni af námsefni um stafræna borgaravitund flokkað eftir aldurahópum

<https://sites.google.com/snjallheimar.is/stafræn-borgaravitund>

Samstarfshópurinn skipulagði og kenndi námskeið á vegum Menntafléttunnar

<https://menntamidja.is/namskeid/stafræn-borgaravitund-23-24/>

ACADIMIA Nýsköpun í starfsþróun kennara á evrópskum vettvangi 2023–2026

Acadimia er eitt af 16 nýjum Erasmus+ (e. Teachers' academies) verkefnum sem hlotið hafa styrk til að efla gæði kennaramenntunar og starfsþróunar í Evrópu. Verkefnið miðar að því að þróa skapandi og inngildandi kennsluhætti með áherslu á leikjavæðingu, leiklist í kennslu, skapandi forritun og aðferðir úr Montessori-fræðum.

Markmið verkefnisins er að þróa sameiginlega námskrá fyrir kennara, skipuleggja fjölbreyttar þjálfunaráætlanir (í formi netnámskeiða, sumarnámskeiða og blandaðra námsleiða) og mynda starfssamfélag kennara til að stuðla að jafningjafræðslu og miðlun reynslu. Áætlað er að um 900 kennarar og 10.000 nemendur muni njóta góðs af verkefninu.

Menntavísindasvið Háskóla Íslands tekur þátt í verkefninu ásamt GeoCamp Iceland og fleiri evrópskum samstarfsaðilum.

Verkefnið er hluti af víðtækari stefnu Evrópusambandsins um að efla menntun og þjálfun kennara með áherslu á fjöltengi, menningarlega fjölbreytni og alþjóðlegt samstarf.

Tryggvi Thayer og Skúlína Hlíf Kjartansdóttir taka þátt í þessu Erasmus+ verkefni.

Nánari upplýsingar má finna á <https://european-acadimia.eu/>

ATOLLO 2023–2026

[Atollo Project](#): Building Digital Education Environment for Learners with Special Education Needs. Erasmus Plus Project with 12 partners. Skúlína Hlíf Kjartansdóttir tekur þátt í þessu Erasmus+ verkefni, ásamt Önnu Magneu Hreinsdóttur. Megin viðfangsefni verkefnisins er þróun stafræns námsefnis í stærðfræði og upplýsingatækni fyrir nemendur með sérþarfir, þróun og gæðaprófanir, og rannsóknir því tengt. Verkefnið er á þessum tímapunkti komið “hálfra leið”, námsefnið að komast í prófanir - sýnishorn hér: <https://atollo-en.izzi.digital/#/>. Um er að ræða 40 einingar í stærðfræði og 5 einingar í upplýsingatækni. Námsefnið er á nokkrum tungumálum, þar á meðal á íslensku. Ekki var gert ráð fyrir Íslandi sem prófunarlandi, en SHK og AMH ætla að bjóða sérskólum og einstaka kennurum að skoða námsefnið, sem er á íslensku. Í tengslum við Atollo-verkefnið eru gerðar rannsóknir á stefnum, námskrám og gæðamati margra þeirra landa sem taka þátt. SHK og AMH hafa tekið þátt í rannsóknarhópi á vegum verkefnisins og skoðað stefnur í nokkrum löndum (Austurríki, Noregi, Íslandi, Króatíu og Búlgaríu) og er grein í burðarliðnum sem gert er ráð fyrir að kynna á NERA2025 og finna útgefanda að í kjölfarið. Þá er áformað að rannsaka útkomu skólaprófana á námsefninu á næsta ári.

Menntatækni - Prufuvettvangur

Skúlína og Hannes Ottósson tóku þátt í þessu verkefni á vegum Nýmennt, sem hófst haust 2024.

Nýsköpunarstofa HÍ stofnaði til samstarfs við sænsku samtökin Swedish EdTech Industry:

<https://swedishedtechindustry.se/>. Samtökin hafa þróað Swedish EdTest, sem er aðferðafræði fyrir kennara, skólastjórnendur, fagfólk í menntavísindum og frumkvöðlum í menntatækni til að skilja, meta menntatæknilausnir sem hafa verið innleiddar í skólastarf eða er verið að þróa fyrir skóla.

Nýsköpunarstofa stóð fyrir málstofum á Menntakvikun og hélt Skúlína erindið “Framleiðsla stafræns menntaefnis: Möguleikar í samstarfi um hönnun, staðfæringu, framleiðslu og gæðaprófun námsefnis” á einni af málstofunum. Á haustmánuðum var stofnaður prufuvettvangur um menntatæknilausnir, sem hafði eftirfarandi atriði að leiðarljósi:

- **Þýðingar og aðlögun** á gæðamats-spurningum og aðferðafræði
- **Vinnufundi** með þátttakendum
- **Prufukeyrsla** í tveimur skólum á námsefninu Evolytes og Læsir
- **Mat og ákvarðanataka** um áframhaldið
- **Tengjast rannsóknnum** og tryggja að **umræða um þær rati inni vinnu um gæðamat**

- **Tengjast atvinnulífi og efla samstarf** milli frumkvöðla og skóla
- Taka þátt í **mótun gæðamatsferla** á menntatækni hjá MMS
- Efla og þroska almennt umræðuna um **menntatækni og innleiðingu stafrænna lausna** í skólastarfi
- **Upplýsinga- og kynningarstarf** til stærri hóps hagaðila

Skúlína Kjartansdóttir fylgdist með framkvæmdum þrífundvangsins og hún og Hannes Ottóson brydduðu síðan upp á rannsóknarsamstarfi með Anna Ákerfeldt, rannsakanda hjá Stokkhólmsháskóla og Swedish EdTest-verkefninu, sem stefnir að samanburði á einhverjum lausnum menntatækniyfirtækja í Svíþjóð og á Íslandi, á árinu 2025 - og greinarskrifum.

Starfshópur um Digital Inclusion - stafræna inngildingu

Salvör Gissurardóttir tók þátt í norrænum starfshóp um stafræna inngildingu. Starfshópurinn NVL Digital Inklusion var einn af mörgum norrænum starfshópum innan Nordisk Netværk for Livslang Læring – NLL (áður NVL). Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins heldur utan um íslenska hluta NLL (norrænt samstarf um símenntun). Starfshópurinn vann árið 2024 m.a. að því kynna niðurstöður rannsóknarverkefnis sem lauk árið 2022 og stóð fyrir ýmsum viðburðum á Norðurlöndum sem skipulagðir voru af þátttakendum frá viðkomandi landi. Starfshópurinn hittist reglulega á netfundum og auk þess á norrænum fundum einkum í tengslum við ráðstefnur og tók þátt í fjölmörgum s

Starfshópurinn þróaði samtalsverkfæri (Digital Toolkit NLL) fyrir fagfólk og almenning til að ræða saman um stafrænar áskoranir og skipulagði ásamt öðrum NVL hópum og menntayfirvöldum í Færeyjum ráðstefnuna Conference om digitale kompetencer og inklusion í Klakksvík í Færeyjum 19. september og kynnti þar samtalsverkfærið og prófaði með færeyskum þátttakendum og safnaði gögnum.

Starfshópurinn kynnti niðurstöður starfs síns og afrakstur s.s. samtalsverkfæri á norrænni ráðstefnu í Gustavelund í Finnlandi 18. Nóvember og var sú kynning með World-Café sniði.

Íslensku fulltrúarnir í starfshópnum Salvör Gissurardóttir og Guðjónína Sæmundsdóttir tóku þátt í norræna starfinu en skipulögðu einnig í samráði við íslenska tengilið NVL tvær klukkustundalangar netmálstofur/netfyrirlestrar árið 2024, fyrri málstofan var 16. janúar fjallaði um gervigreind og leitarvélur og var Salvör Gissurardóttir fyrirlesari. Seinni íslenska málstofan var 22. maí og efni hennar var gervigreindin, nám og hagnýting og var Hafsteinn Einarsson fyrirlesari og var sú málstofa haldin í samvinnu við MSS.

Starfshópurinn NVL Digital Inklusion lauk störfum í lok árs 2024.

Tenglar

<https://nll.org/netvaerk/nvl-digital-inklusion/> vefsetur norræna starfshópsins

<https://nll.org/rapporter/5-satt-att-digitaliseras/> rannsóknarverkefni

<https://nll.org/events/moguleikar-gervigreindar-den-artificiella-intelligensens-mojligheter/> fyrri íslenska málstofan

<https://nll.org/events/webinar-gervigreindin-nam-og-hagnyting-ai-laering-og-anvendelse/> seinni íslenska málstofan

<https://nll.org/event-arkiv/nordic-networking-seminar-celebrating-results-and-looking-forward/> ráðstefna í Gustavelund, Finnlandi

<https://nll.org/events/konference-om-digitale-kompetencer-og-inklusion/> ráðstefna í Klakksvík í Færeyjum

Mixið

Svava hefur veturinn 2023-2024 fylgst með verkefninu [MIXIÐ, Þróunarverkefni um færanlegar sköpunar og tæknismiðjur, fjölbreytta vinnu og skapandi skil](#) á vegum Mixtúrumsköpunar- og tækniver skóla- og frístundasviðs. Gögnum hefur verið safnað með vettvangsathugunum og viðtali við forstöðukonur.

eTwinning

Svava Pétursdóttir tók þátt í eTwinning verkefni vorið 2020, en verkefnið var metið skipulega og birtust niðurstöður í greininni:

- Napal-Fraile, M., Zudaire, M. I., Pétursdóttir, S., & Pavlin, J. (2024). eTwinning in science learning: The perspectives of pre-service primary school teachers. *European Journal of Educational Research*, 13(4), 1555-1572. <https://doi.org/10.12973/eu-jer.13.4.1555>

INSPECT

Svava Pétursdóttir hefur verið þátttakandi í verkefninu [INSPECT](#) sem styrkt er að Nordforsk og leitt er af Háskóla Suður- Danmörku. Aðrir þátttakendur eru frá Noregi og Svíþjóð og Háskólanum á Akureyri þar sem Hermína Gunnþórsdóttir leiðir íslenska hlutann, en 14 skólar hópur þátttöku. Svava tekur þátt í vinnu pakka 3 þar sem gögnum um tækni í námi og lífi barna var safnað með vettvangsathugunum, viðtölum við kennara og nemendur auk miðlagöngutúrs með nemendum um símanotkun þeirra. Fyrstu niðurstöður hafa verið kynntar á málþingi verkefnisins.

- Svava Pétursdóttir (23. apríl 2025) Stafræn tækni í námi og lífi. *Velferð – nám og líðan nemenda og kennara Málþing um fyrstu niðurstöður norræna rannsóknarverkefnisins INSPECT* <https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/velferd>

Fjarska - stofnun nýrra samtaka um fjarnám og stafræna kennsluhætti

Aðilar RANNUM komu að undirbúningi og stofnun Fjarska - samtaka um fjarnám og stafræna kennsluhætti (<https://www.fjarska.is>) en stofnfundur samtakanna var haldinn 12. júní 2024. Þá voru samtökin kynnt á innlendum og erlendum vettvangi. Sólveig Jakobsdóttir og Sólveig Friðriksdóttir eru í stjórn nýju samtakanna. Einnig er Sigurbjörg Jóhannesdóttir (stofnaðili að RANNUM) formaður samtakanna. Í tengslum við undirbúninginn söfnuðu Sólveig J. Sigurbjörg gögnum um önnur sambærileg norræn samtök og tóku viðtöl við fulltrúa þeirra.

- Sólveig Jakobsdóttir og Ebba Ossiannilsson. (2023, 20. júní). How to Enable Collaboration for Implementation of Open, Flexible, and Distance Education in a Nordic Context. Í EDEN - Digital Learning Europe, Dublin.
- Sigurbjörg Jóhannesdóttir, Sólveig Jakobsdóttir og Árnason, H. (2023, September). Viljum við stofna íslensk samtök á sviði fjarnáms og stafræns náms? Í Menntakviku - árlegu þingi Menntavísindasviðs, Reykjavík.
- John Dalsgarð, Jörgen Grubbe, Kaisa Honkonen, Ebba Köber, Sólveig Jakobsdóttir, Sigurbjörg Jóhannesdóttir og Ebba Ossiannilsson. (2023, 8. nóvember). Open, flexible, and distance education in a Nordic context. Erindi flutt á 29th ICDE Conference San Jose, Costa RICA.
- Sólveig Jakobsdóttir og Sigurbjörg Jóhannesdóttir. (2024, 26. september). Fjarska. Stofnun nýrra samtaka á sviði fjarnáms og stafrænna kennsluhátta. Erindi flutt á Menntakviku árlegu þingi Menntavísindasviðs, Reykjavík.

EDUCERE

EDUCERE er norrænt rannsóknarnet styrkt af Sænska rannsóknarsjóðnum - 2023-2025:

<https://www.gu.se/en/research/educere>. Verkefnastjóri: [Sylvana Sofkova Hashemi](#),

Gautaborgarháskóla. Þátttakendur eru flestir frá Svíþjóð, Noregi og Finnlandi, en nokkrum

RannUM meðlimum hefur verið boðin þátttaka í einstaka viðburðum. EDUCERE er með

reglulega netfundi, útgáfu, málþing og hefur stutt alþjóðlegt ráðstefnuhald.

Sjá nánar um verkefni netsins: <https://www.hh.se/english/research/our-research/research-at-the-school-of-education-humanities-and-social-sciences/research-projects-within-the-school-of-education-humanities-and-social-sciences/educere-nordic-network.html>

Markmið þess eru:

This network initiative strives to establish a vibrant, inclusive, and critically reflective Nordic Research Hub to gain a deeper understanding of the digitalisation in higher education and in particular explore the impact of the abrupt shift to online teaching and learning necessitated to combat the covid-19 pandemic. Special focus is devoted to Nordic exchange of findings and data in relation to the students' and staff's experienced impact across disciplines and educational formats.

The network will focus on sharing and developing knowledge of emergent teaching and learning pre-, during and post-pandemic from four participating universities in Denmark, Finland, and Sweden to identify the disciplinary-specific conceptions and practices.

Helstu afurðir á vegum RannUM meðlima á vegum EDUCERE hafa verið:

- Sólveig Jakobsdóttir. (2023, Desember). Development of online and distance learning in Iceland during COVID: some lessons learned. EDUCERE webinar.
- Sigurbjörg Jóhannesdóttir, Skúlína Hlíf Kjartansdóttir og Jakobsdóttir, S. (2024, 14. maí). Navigating the digital fjords – Fishing for the futures of higher education with AI in Iceland. Erindi flutt á ráðstefnu EDUCERE Nordic Network, Jyväskylä Finnland.
- Kjartansdóttir, S.H., Jóhannesdóttir, S. & Björnsdóttir, K. (2024). "Designing for Diversity, Equality and Inclusion in Higher Education Institutions: Exploring issues of sustainability, sense of belonging, inclusive designs and co-creation strategies" at the conference: "Aiming for Inclusion: Co-Creation strategies and practices in Higher Education", in Halmstad, Sweden, 7-8 November 2024: <https://designlearninginnovation.eai-conferences.org/2024/>.

Á áætlun er þátttaka í greinarskrifum um stefnumótun og notkun gervigreindar á háskólastigi í norrænum háskólum með EDUCERE fræðafólki o.fl.

Vinnustofur um gervigreind í fræðastörfum á vegum FUM

FUM stóð fyrir tveimur vinnustofum um notkun spunagreindar (e. generative AI) í fræða- og rannsóknarstörfum. Sú fyrri fór fram á seinni hluta 2024 og sú seinni í byrjun 2025. Þátttakendur kynntust siðferðilega réttri og gagnlegri notkun gervigreindar í heimildaleit og úrvinnslu heimilda, greiningu gagna og ritun fræðagreina og annars fræðilegs efnis.

Tryggvi Thayer sá um skipulag og fræðslu.

Vefráðstefna með UPEC um UT í námi og kennslu

Þann 10. desember 2024 héldu Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Université Paris-Est Créteil (UPEC) sameiginlega netráðstefnu undir merkjum Aurora-háskólasamstarfsins. Á ráðstefnunni komu saman fræðafólk frá báðum háskólum til að fjalla um rannsóknir og þróunarverkefni tengd notkun stafrænna verkfæra og gervigreindar í kennslu og kennaramenntun. Dagskráin innihélt fjölbreytt erindi sem beindu sjónum að hagnýtum notkunarmöguleikum, gagnrýninni umræðu og nýsköpun í menntun. Ráðstefnan efldi rannsóknasamstarf og skapaði vettvang fyrir þverþjóðlega umræðu um framtíð menntunar í ljósi tæknibreytinga.

Tryggvi Thayer skipulagði vefráðstefnuna í samstarfi við fulltrúa UPEC.

Doktorsverkefni í tengslum við QUINT (Connected classrooms)

Sólveig Zophoníasdóttir mun segja stuttlega frá verkefni sínu.

Doktorsverkefni: Samræður í stafrænt vel búnum kennslustundum í stærðfræði á unglingastigi á Íslandi

Verkefnið er unnið við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og fjallar um hvernig samræður í stærðfræðikennslu þróast í stafrænt vel búnum kennslustofum á unglingastigi. Sjónum er beint að því hvernig kennarar og nemendur eiga í samskiptum og hvernig stafræn tækni getur haft áhrif á þessi samskipti. Leiðbeinendur eru Sólveig Jakobsdóttir og Marie Nilsberth.

Rannsóknin byggir á gögnum úr norræna rannsóknarverkefninu *Connected Classrooms Nordic Study* (CCN), sem er hluti af rannsóknarverkefnum rannsóknasetursins QUINT (Quality in Nordic Teaching – quint.uio.no). Í íslenska hluta rannsóknarinnar var gögnum safnað í grunnskóla á unglingastigi yfir þrjú skólaár. Gagnasöfnunin fól í sér m.a. myndbandsupptökur úr kennslustundum í stærðfræði, vettvangsnótur, spurningalista og samræður við þátttakendur. Beitt er etnógrafískri nálgun þar sem áhersla er lögð á að skoða nám og kennslu í raunverulegum aðstæðum í skólafunni.

Helstu verkefni í deiglu stuðningsaðila

Heimili og skóli - SAFT verkefnið

SAFT verkefnið var flutt yfir til Fjölmíðlanefndar í ársbyrjun 2024 en Heimili og skóli hefur haldið áfram að sinna þeim verkefnum sem þau voru þekkt fyrir. Eins og til dæmis fræðsla um netnotkun og stafræna borgaravitund fyrir nemendur og foreldra. Eftirspurnin af námskeiðum okkar hefur aukist ef eitthvað er og sinnum við þeim áfram af krafti. Jafnframt sinnum við ráðgjöf til einstaklinga og fagaðila í þessum efnum.

Heimili og skóli hefur verið að sinna ýmsum verkefnum þar á meðal jafningjafræðslu á Seltjarnarnesi en við vonumst til að þessi fræðsla fái víðari dreifingu skólaárið 2025-2026. Einnig hefur Heimili og skóli tekið þátt í fjölmörgum samráðsvettvöngum um stafræna borgaravitund, miðlalæsi og fræðslu til fagfólks og barna.

Fagfélagið 3f, félag um upplýsingatækni og menntun

Fagfélagið 3f, félag um upplýsingatækni og menntun er vettvangur þeirra sem vilja stuðla að aukinni menntun í upplýsingatækni, fyrir skoðanaskipti og fyrir þá sem vinna að hagnýtingu upplýsingatækninnar í námi og kennslu. Þá sinnir fagfélagði ýmsum málefnum tengdum upplýsingatækni í samstarfi við KÍ. Sjá vefsíðu félagsins hér: <http://www.3f.is/>

Fagfélagið 3f og SEF, samtök um endurmenntun framhaldsskólakennara, stóð fyrir árlegu sumarnámskeiði framhaldsskólakennara 8.–9. júní 2023. Þátttakan var mjög góð. Yfirskrift námskeiðsins var: *Gervigreind í skólastarfi*. Markmið námskeiðsins var að fjalla um gervigreind í skólastarfi möguleika hennar í kennslu og verkefnagerð og breyttum áherslum sem upp koma með tilkomu gervigreindarinnar. Á námskeiðinu var farið í og kynntar aðferðir og lausnir við notkun ChatGPT og BingChat og fleiri forrita sem ástæða var til fyrir kennara og nemendur að nýta í nútíma skólastarfi og breyttum heimi með tilkomu gervigreindarinnar. Þátttakendur fóru í gegnum fjölbreytt og skapandi verkefni í tengslum við efnið. Fyrirlestrar og umræður fóru fram í Verzlunarskóla Íslands og gegnum kennslukerfið Moodle hjá þeim. Kennarar á námskeiðinu voru Sigurður Fjalar Jónsson og Hjörvar Ingi Haraldsson kennarar í FB. Tengill í efni námskeiðsins: [2023 Sumarnámskeið - 3f – Félag um upplýsingatækni og menntun](#)

Dagana 6.–7. júní 2024 var yfirskrift sumarnámskeiðs 3f og SEF *Microsoft 365, sköpun, sjálfvirkni, samvinna*. Markmið námskeiðsins var að fjalla um Microsoft 365 á víðum grunni og tengt sköpun, sjálfvirkni og samvinnu í skólastarfi, í kennslu og verkefnagerð og breyttum áherslum sem upp koma með tilkomu gervigreindarinnar. Á námskeiðinu var farið í og kynntar aðferðir og lausnir við notkun gervigreindar í menntun og hvernig hægt er að nýta hana og Copilot og fleiri forrit í tengslum við undirbúning kennslu að nýta í nútíma skólastarfi og breyttum heimi með tilkomu hennar. Á námskeiðinu var því kafað djúpt í Microsoft 365 og möguleika þess til sköpunar, sjálfvirkni og samvinnu. Fyrirlestrar og umræður fóru fram í Verzlunarskóla Íslands og gegnum kennslukerfið Moodle hjá þeim. Kennarar á námskeiðinu voru Sigurður Fjalar Jónsson og Hjörvar Ingi Haraldsson kennarar í FB. Tengill í efni námskeiðsins: <http://www.3f.is/2024-sumarnaacutemskeieth.html>

Sumarnámskeiðin eru ætluð framhaldsskólakennurum og þeim að kostnaðarlausu.

Fagfélagið er með fésbókarsíðu þar sem helstu fréttir eru settar inn: <https://www.facebook.com/3f.fagfelag>

Í mars 2025 verður haldið Íslandsmót í iðn- og verkgreinum ásamt framhaldsskólakynningu, *Mín framtíð*. Fagfélagið hefur séð um keppni í leikjaforritun og vefþróun og undirbúningur fyrir þá keppni hófst haustið 2024.

Kynningarstarfsemi, málþing og málstofur

Dr. Debra Hoven prófessor við Athabasca háskóla í Kanada var með málstofu á vegum RANNUM um stafrænar ferilmöppur og fleiri kynningar sem voru í samstarfi við Kennslumiðstöð HÍ og Kennsluráð Menntavísindasviðs HÍ vikuna 15.-19.4. 2024.

Tengslanet á vegum RANNUM á Ning er með 329 skráða. Vef RANNUM hefur verið haldið úti ásamt Facebook-hóp fyrir aðila stofunnar á <https://rannum.hi.is>. Vefurinn var greindur vorið 2024 í samvinnu við Sigurbjörgu Jóhannesdóttur og meistaranema í upplýsingafræðum hjá HÍ með það fyrir augum að uppfæra hann og betrumbæta.